

Útsvarshlutfall árið 2015 er 14,48 % - óbreytt frá árinu 2014.

(Samþykkt á 08. fundi sveitarstjórnar 03.12.2014)

Fasteignagjöld árið 2015

Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis eins og skilgreint í 3.gr. í lögum nr.4/1995 verður 0,50% af heildar fasteignamati.

Fasteignaskattur af opinberum byggingum eins og skilgreint er í 3.gr. í lögum nr. 4/1995 verður 1.32 % af heildar fasteignamati.

Fasteignaskattur atvinnuhúsnæðis og öðrum eins og skilgreint er í 3. Gr. Í lögum nr. 4/1995 verður 1,65% af heildar fasteignamati.

Afsláttur af fasteignaskatti fer eftir samþykktum sveitarstjórnar frá 7. febrúar 2006.

Samkvæmt 3. Gr. þeirrar samþykktar geta þeir sem eru eldri en 67 ára og þeir sem eru 75 % öryrkjar eða meira sótt um afslátt á fasteignagjöldum þeirrar íbúðar sem þeir búa í og ekki er nýtt af örðum, tekjuviðmið er í lið 7.

Gjalddagar fasteignaskatts eru í lið 8. í samþykkt.

Afsláttur á fasteignagjöldum tekur breytingum frá árinu 2014 í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverð á tímabilinu 1.des. 2014 til 1.des. 2015.

Afsláttur fasteignagjalda kemur sjálfkrafa við innlestur fasteignagjalda og miðast við tekjur á næst síðustu skattaskýrslu (fasteignagjöld eru reiknuð á undan skattaskilum í þessu tilfelli árið 2013)

Ef tekjur hafa lækkað á milli ára verður að senda afrit af allri skattaskýrslu síðasta árs til skrifstofu sveitarfélagsins og þá verður gerð endurálaganing.